

Til handhafa útboðsgagna nr. 15641 – „Þjónusta við þráðlausa senda í grunnskólum Reykjavíkurborgar“.

Málefni: Viðauki 1 við ofangreind útboðsgögn.

Eftirfarandi fyrirspurnir hafa borist og eru svör þjónustu- og nýsköpunarsviðs við þeim hér fyrir neðan.

Fyrirspurn 1:

Í kafla 2.3 Búnaður og lagnaefni er talað um að kaupandi láti verktaka hafa nýtt lagnaefni af gerðinni cat5e fyrir nýjar lagnir.

Hvernig er með lagnaleiðir? rennur, dragbönd, skrúfur og annað smáefni sem til fellur við lagningu á nýjum lögnum?

Svar 1:

Verksali skal nota þær lagnir sem fyrir eru ef hægt er að nýta þær áfram, sjá nánar út útboðslýsingu:

„Í kjölfar mælinga skal verktaki ákveða staðsetningu á nýjum sendum og ákveða hvaða tengingar sem fyrir eru sé hægt að nýta áfram, ásamt tilheyrandi lögnum, ..“

Nýtt lagnaefni, sem kaupandi lætur verktaka í té, er af gerðinni **CAT5e**. Kaupandi útvegar lagnarennur, 5,5 – 7 mm. Allt annað smáefni útvegar verksali. Verksali þarf að leggja nýja lagn ef lagn er ekki til staðar eða ekki hægt að nota.

Fyrirspurn 2:

2.4.2 Þáttur 2 - „Lagnavinnuþáttur“

Á þeim stöðum þar sem ekki er hægt að vinna í lögnum vegna hæðar, (þar sem þarf að nota vinnulyftu eða vinnupalla) fellur kostnaður við vinnulyftur og vinnupalla á verktaka?

Svar 2:

Verksali þarf að útvega þau tæki og tól sem þarf til að vinna verkið, þ.m.t. vinnulyftur og vinnupalla.

Fyrirspurn 3:

Í 2.4.2.3 Afurð Lagna- og uppsetningarþáttar, er verið að fara framá að allir strengir séu mældir með network mæli til dæmis Fluke Networks LinkIQ™ Cable+Network Tester?

2.4.2.3 Afurð Lagna- og uppsetningarþáttar

Við lok tengingar sérhvers sendis skal verktaki mæla og skjalfesta í úttektarskýrslu að:

- lagn/tenging milli sendis og miðlægs búnaðar (sviss) virki fullkomlega. Sé minnsti vafi á því að svo sé skal verktaki lagfæra eða skipta um lagn
- sérhver sendir skili þeim afköstum/styrk sem gert er ráð fyrir í mælingaskýrslu verktaka, sem kaupandi hefur áður samþykkt, sbr. hér að framan.

Svar 3:

Það skal mæla með viðurkenndum mælitækjum sem sýna niðurstöður skv. Cat5e stöðlum. Skila skal niðurstöðum mælinga á rafrænu formi.

Fyrirspurn 4:

Ef við förum yfir 1300 senda verða þá keytir inn fleiri til að klára verkefnið ?

Svar 4:

Já.

Fyrirspurn 5:

Í lið 2.4.1.1 (Bls 17) er talað um að mæling skuli vera "Active Survey" - Mætti notast við Passive Survey þar sem það eru þráðlaus net í grunnskólum Reykjavíkur í dag og við myndum fá töluver betri upplýsingar úr Passive Survey heldur en Active Survey. Ef skylt er að taka Active Survey hvort á að notast við BSSID eða SSID Active survey ?

Svar 5:

Já. Það má notast við Passive Survey.

Fyrirspurn 6:

Í lið 0.6.2 (bls 7) er talað um að bjóða tímaverð í áætlun á fjölda tíma sem kaupandi telur að taki að hanna nýtt sendakerfi í skólunum - væri hægt að fá nánari útskýringar á því hvað það felst í því að hanna nýtt senda kerfi ?

Svar 6:

Í hönnun felst að mæla staðsetningu á þráðlausum sendum skv. kröfum í útboði, sjá kafla 2.4.2.3. og skila staðsetningu senda á grunnteikningu. Dæmi um það er í útboðsgögnum, sjá kafla 2.4.2.3 Afurð Lagna- og uppsetningarþáttar.

Fyrirspurn 7:

Getur undirverktaki sent reikning fyrir sinni vinnu til Reykjavíkurborgar eða þarf það að fara í gegnum aðalverktaka?

Svar 7:

Nei, þarf að fara í gegnum aðalverktaka.

Vinsamlega athugið að viðauki þessi er hluti framangreindra gagna.

Virðingarfyllst,

Óskar Long Einarsson